

# Kulnun meðal leikskólakennara

Halla Ösp Hallsdóttir meistaranemi MVS og Amalía Björnsdóttir dósent MVS

Fáar rannsóknir liggja fyrir um kulnun (e. burnout) meðal íslenskra kennara og því lítið vitað um áhrif kulnunar í skólum hér á landi. Kulnun getur aukið líkurnar á brottfalli kennara úr starfi (Singer, 1992) og er því bæði áhugavert og þarft rannsóknarefni. Ótímabært brottfall kennara úr starfi hefur án vafa áhrif bæði á lífsgæði viðkomandi einstaklinga auk rekstrarhagkvæmni skólakerfisins og á það bæði við um leikskólastigið og önnur skólastig.

Margir fræðimenn hafa skilgreint kulnun. Flestar eiga þessar skilgreiningar það sameiginlegt að telja að kulnun feli í sér að einstaklingur upplifi mikla vanlíðan sem hægt og rólega gerir það að verkum að hann hættir að geta tekið þátt í daglegu lífi (Kanwar, Singh og Kodwani, 2009).

Krefjandi vinna ein og sér veldur ekki streitu. Hins vegar ef álagið verður það mikið að ekki sér fyrir endann á verkefnum getur það valdið óþægilegri líðan sem kann að lýsa sér í máttleysi og örmögnun (Bruce, 2009). Kennarastéttin er talin vera í áhættuhópi þegar kemur að streitu sem getur leitt til kulnunar. Þættir eins og ónógur stuðningur yfirmanns og slæm samskipti eru taldir ástæða uppgjafar og streitu (Rentzou, 2015). Samkvæmt Rudow (1999) sýna hvorki meira né minna en 30% evrópskra kennara einkenni kulnunar.


\*\*\*\*

Framkvæmd var meginlega rannsókn á kulnun íslenskra leikskólakennara hér á landi en slíkt hefur ekki verið gert áður. Markmiðið var að kanna tíðni kulnunar meðal íslenskra leikskólakennara. Samkvæmt rannsókn Gerðar Ólínu Steinþórsdóttur (2014) á kulnun meðal grunn- og leikskólastjóra kom fram að kulnunar gætti meira hjá leikskólastjórum en skólastjórum í grunnskólum landsins.


„Copenhagen Burnout Inventory“ (CBI) var valið sem mælitæki rannsóknarinnar. CBI mælir kulnun á þrjá vegu; persónutengda kulnun, starfstengda kulnun og kulnun tengda skjólstæðingum. Mælikvarðinn um kulnun tengda skjólstæðingum vísar í þessari rannsókn til barna, foreldra og samstarfsfólks Fjöldi þátttakenda í rannsókninni var 776 eða um það bil 35% þeirra sem fengu sendan spurningalista sem sendur var í tölvupósti á félagsmenn í Félagi leikskólakennara.

#### Heimildir


Bruce, S. P. (2009). Recognizing stress and avoiding burnout. *Currents in Pharmacy Teaching and Learning*, 1(1), 57–64.  
 Gerður Ólína Steinþórsdóttir. (2014). *Er kertið bitt að brenna út skólastjóri? Kulnun grunn- og leikskólastjóra*. Óbirt M.Ed. ritgerð: Háskóli Íslands, Uppeldis- og menntunarfræðideild, Reykjavík.  
 Kanwar, Y. P. S., Singh, A. K. og Kodwani, A. D. (2009). Work-life balance and burnout as predictors of job satisfaction in the IT-ITES industry. *The Journal of Business Perspective*, 13(2), 1–12.  
 Rentzou, K. (2015). Prevalence of burnout syndrome of Greek child care workers and kindergarten teachers. *Education* 3–13, 43(3), 249–262.  
 Rudow, B. (1999). Stress and Burnout in the Teaching Profession. Í R. Vandenberg og A.M. Huberman (Ritstj.), *Understanding and preventing teacher burnout* (bls. 38–55). New York: Cambridge University Press.  
 Singer, J. (1992). Are special educators career paths special? Result from a 13-year longitudinal study. *Exceptional Children*, 59(3), 262–279.



Mynd 1. Hlutfall þátttakenda sem finnur fyrir kulnun eða er með kulnunareinkenni sem ætti að bregðast við.



Mynd 2. Hlutfall þátttakenda eftir aldri sem finnur fyrir kulnun eða er með kulnunareinkenni sem ætti að bregðast við.



Mynd 3. Hlutfall þátttakenda eftir menntun sem finnur fyrir kulnun eða er með kulnunareinkenni sem ætti að bregðast við.

\*\*\*\*

Aldur þátttakenda hefur áhrif og mælist kulnun meiri hjá yngri þátttakendum en þeim eldri. Einnig mælist kulnun meiri hjá þeim sem hafa hærri menntunarstig.

Þegar horft var til stöðu þátttakenda kemur í ljós að leikskólakennarar sýna meiri persónutengda og starfstengda kulnun heldur en deildarstjórar og sérkennslustjórar. Þeir sem starfa með aðra fagmenntaða sér við hlið virðast síður upplifa kulnun en þeir sem eru eini fagmenntaði einstaklingurinn á deild.